Hafnarfjörður

Bæjarráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 13. ágúst 2026
Málsnúmer 2601229

**Efni: Samstarfsamningur um aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að Vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjarvíkurborgar (VoR)**

Á fundi fjölskylduráðs þann 7. apríl sl. var lagt fram tilboð Reykjarvíkurborgar vegna samstarf Hafnarfjarðarbæjar við Vettvangs- og ráðgjafarteymi borgarinnar. Eftirfarandi bókun var gerð:

> Fjölskylduráð samþykkir framlagt tilboð vegna samstarfs Hafnarfjarðar við Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjarvíkurborgar líkt og samþykkt var við fjárhagsáætlun fyrir árið.

Með samningi við Vor- teymi Reykjarvíkurborgar er Hafnarfjarðarbær að tengjast starfsemi sem býr yfir víðtækri reynslu í því að styðja einstaklinga með fjölþættar og flóknar þjónustuþarfir. Ráðgjafar á fjölskyldu- og barnamálasviði og starfsmenn í sértækri heimaþjónustu munu vinna þétt með teyminu til að ná heildstætt utan um stuðning við þá íbúa í Hafnarfirði sem eiga við fjölþættan vanda að etja. Með samstarfinu nær Hafnarfjarðarbær einnig að byggja upp þekkingu innan sveitarfélagsins sem getur í framtíðinni, ef vilji er til, sett á fót samskonar teymi til að sinna stuðningi við þennan hóp með markvissum og heildstæðum hætti.

Samstarfssamningur um aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að Vettvangs- og ráðgjafarteymi Reykjarvíkurborgar er lagður fram til afgreiðslu.

Virðingarfyllst,
Guðlaug Ósk Gísladóttir
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

**Fylgiskjal:**
1. Samstarfssamningur
2. Vinnslusamningur

**Hafnarfjarðarbær** | Strandgötu 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5500
Kennitala 590169-7579 | hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
hafnarfjordur.is